

Fræðsluþættir frá Gedhjálp

Fjölskyldan taki eins mikinn þátt í meðferðinni og æskilegt er talið

Spurt er:

Faðir minn hefur dvalið á geðsjúkrahúsi í mörg ár. Ég hef stundum talað við þá lækna sem hafa haft með hann að gera og spurt, hvaða sjúkdómi á geði hann sé haldinn. Svör hafa alltaf verið þau sömu, að það skipti ekki máli. Því spyr ég:

1. Hver er réttur aðstandenda varðandi þetta?
2. Eru geðsjúklingar ekki sjúkdómsgreindir eins og aðrir sjúklingar?

Í spurningunni kemur ekki skýrt fram hvort „faðirinn“ hefur dvalið að staðaldri í geðsjúkrahúsi í mörg ár eða á margra ára ósamfellda dvöl að baki. Ef viðkomandi einstaklingur hefur um margra ára skeið

dvalist í geðsjúkrahúsi en útskrifast annað slag, er það réttur hans að engum öðrum en honum sjálfum sé skýrt frá sjúkdómsgreiningunni. Það sama gildir þó hann dveljist í geðsjúkrahúsi að staðaldri, lagalega séð er sjúkdómsgreiningin hans einkamál og ekki má skýra frá henni án hans samþykkis. Sé málið skoðað í víðara sambengi og bæði hugsað um hag sjúklingsins og aðstandenda hans, geta réttar upplýsingar um sjúkdómsmyndina og jafnvel upplýsingar um sjúkdómsgreiningu verið ávinningur fyrir báða aðila, t.d. þegar leggja þarf fram sviptingarbeiðni.

Í dag' er yfirleitt farið þess á leit við fjölskyldu sjúklings, að hún taki eins mikinn þátt í með-

ferðinni og æskilegt er talið bæði fyrir sjúklinginn og fjölskyldu hans, til þess að sem bestum árangri verði náð. Ef fjölskyldan fær ekki nægilegar upplýsingar um gang mála og hvernig mætti e.t.v. bregðast við undir ákveðnum kringumstæðum, er rangt að gera kröfur til hennar sem virks þátttakanda í meðferð. Ég veit að þessi þáttur meðferðar er ekki alltaf nægilega vel unninn og getur það í sumum tilfellum skapað óþarfa vandamál. Hjúkrunarfræðingar hafa oft rætt um það sín á milli, að nauðsynlegt sé að skipuleggja stutt námskeið fyrir aðstandendur geðsjúklinga og vonandi verður þessa ekki langt að biða.

Ég vil benda bréfitara á að biðja um viðtal hjá lækni föður

síns því ég trúi ekki öðru en barna sé um misskilning að ræða sem mætti leiðrétta og læknirinn muni gefa fullnægjandi upplýsingar. Ef þetta ráð kemur ekki að gagni, vona ég að bréfitari láti aftur frá sér heyra.

Þá er komið að annarri spurningunni. Hér á landi eru geðsjúklingar sjúkdómsgreindir og stuðst við sjúkdómsgreiningarlista Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar. Þetta er langur listi og flókinn. Einnig verður ákveðin viðmiðun (criteria) að vera fyrir hendi til þess að setja sjúklinga í sjúkdómsflokk. Góður læknir athugar sjúkling sinn vel áður en hann setur ákveðna „sjúkdómsgreiningu“ á hann. Síðastliðin ár hafa sjúkdómsgreiningar á geðsjúklingum mikið verið gagnrýndar af mörgum starfshópum sem starfa við geðheilbrigðismál. Rætt hefur verið um að settir séu „merkiðar“ á einstaklinga og þeir stimplaðir fyrir lífstíð. Ef hægt

væri að breyta þessum hugsun-
arhætti, væri það spor í rétta átt fyrir alla sem hlut eiga að máli. Okkur finnst það eðlilegt að einstaklingar sem lagðir eru inn í almennt sjúkrahús, haldnir líkamlegum sjúkdómum, séu sjúkdómsgreindir, reyndar þykir okkur miður ef lækni gengur illa að finna orsök/orsakir veikindanna. En ef geðsjúklingar eru lagðir inn í geðsjúkrahús og sjúkdómsgreindir, gegnir allt öðru máli. Þá er verið að ganga á rétt þeirra, afskrifa þá sem virka samfélagsþegna. Þarna þarf svo sannarlega að verða breyting á ef við viljum stefna að því að þeir sitji við sama borð og aðrir sjúklingar. Það væri til mikilla bóta ef hægt væri að líta á geðsjúkdómsgreiningu sem tæki til þess að flýta fyrir því að sjúklingar fengju videigandi meðferð og draga þannig úr þeim fordómum sem ríkt hafa gagnvart geðsjúkdómum.

Þórunn Pálsdóttir